

Drög

Stefna Hjúkrunarheimilissins Silfurtúns.

Staða og stefna

Silfurtún er hjúkrunar- og dvalarheimili fyrir aldraða og aðra þá einstaklinga sem hafa viðurkennt mat Færni- og heilsumatsnefndar á þörf fyrir búsetu í dvalar- og hjúkrunarrýmum sbr. reglugerð nr.1000/2008. Silfurtún er rekið af Dalabyggð samkvæmt sérstökum samningi við heilbrigðis- og velferðarráðuneyti og starfa á grundvelli laga, reglugerða og kröfulýsinga um öldrunarþjónustu. Meðal tilvísaðra laga skal helst nefna: · lög um málefni aldraðra nr. 125/99 · lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 · lög um sjúkratryggingar nr. 112/2008 · lög um sjúkraskrár nr. 55/2009

Hlutverk hjúkrunarheimilissins Silfurtúns er að veita heildstæða þjónustu allt frá félagsstarfi, dagþjónustu og almennri umönnun til hjúkrunar- og lækniþjónustu. Stuðningur og samstarf við íbúa og fjölskyldur þeirra er órjúfanlegur þáttur þjónustunnar. Á Silfurtúni er einnig boðið upp á hvíldarinnlagnir.

Gildi Silfurtúns eru

Umhyggja – Virðing – Samvinna - Jákvæðni.

Umhyggja og Virðing felast í virðingu fyrir manneskjunni sjálfri, sjálfræði hennar og velferð og endurspeglast í góðri samvinnu milli starfsfólks, íbúa, aðstandenda og annarra notenda þjónustunnar.

Jákvæðni er í senn uppspretta og afrakstur uppbyggilegra samskipta. Augnblikið er tækifæri sem þarf að nýta.

Framtíðarsýn Silfurtúns

Að veita hjúkrunar- og öldrunarþjónustu sem byggir á fagmennsku og stuðlar að auknum lífsgæðum íbúa.

Markmiðasetning.

Að íbúar, aðstandendur og starfsfólk á Silfurtúni séu ánægð og sátt.

Að gæðahandbókin sé endurskoðuð árlega með aðkomu starfsfólks.

Að full nýting rýma sé ávallt tryggð.

Að Silfurtún sé rekið innan þess fjárhagsramma sem heimilinu eru sett.

Að full nýting rýma sé ávallt tryggð.

Stefna þessi skal endurskoðuð af stjórn Silfurtúns og félagsmálanefnd árlega